

## A 1896/UVN

Afgreiðsla Norræna velferðarnefndin

Nefndarálit norrænu velferðarnefndarinnar um

**þingmannatillögu um  
fíkniefnastefnu á Norðurlöndum sem byggist á mannréttindum****Tillaga**

Norræna velferðarnefndin leggur til að

Norðurlandaráð aðhafist ekki frekar vegna þingmannatillögu A 1896 um fíkniefnastefnu á Norðurlöndum sem byggist á mannréttindum.

**Greinargerð**

Alþjóðlega hefur svonefndu stríði gegn fíkniefnum ekki aðeins mistekist að leysa fíkniefnavandann heldur hefur það valdið mannlegum þjáningum og skapað gífurleg félagsleg, heilsufarsleg og vistræn vandamál víða um heim. Refsimiðuð nálgun hefur stuðlað að skipulögðum glæpum og ofbeldi, leitt til ómannlegra refsinga og viðhaldið fíkniefnasölu sem tengist til að mynda barnaþrælkun og mansali. Sem dæmi má nefna að Amnesty International hefur ákveðið að vekja máls á fíkniefnum út frá sjónarhóli mannréttinda. Amnesty hvetur ríki heims til að flytja áhersluna frá refsingum að heilsu og mannréttindum fólks. Þá halda ýmsir alþjóðlegir sérfræðingar því fram að fíkniefnastefna eigi að snúast um að draga úr skaða frekar en refsingar.

Vandi vegna fíkniefnaneyslu fer vaxandi um allan heim, einkum meðal þeirra sem minnst mega sín. Þrátt fyrir að flest fólk sem neyti fíkniefna geri það öðru hverju eða til að fikta, þá er það heldur ekki varið gegn félagslegum og öðrum vanda vegna refsimiðaðrar nálgunar. Beiting refsiréttar leysir ekki vanda af völdum fíkniefnaneyslu. Þvert á móti eykst hann vegna jaðarsetningar, stimplunar og óþarfa aukaverkana. Kannabisnotkun í lækningaskyni er einnig óhóflega erfið víða á Norðurlöndum. Í Finnlandi til að mynda brýtur margt fólk lög þegar það notar kannabis til að slá á verki og þjáningar af völdum sjúkdóma um leið og það setur sig í vandasama stöðu eða er svipt þeirri aðstoð sem gæti verið fyrir hendi.

Fíkniefnaumræðan í löndunum er almennt stirð og iðulega er frekar erfitt að bæta nýjum sjónarmiðum inn í umræðuna. Auk þess eru löndin ólík hvað varðar löggjöf og pólitískar leiðir.

Norræn vinstri græn telja að norrænu ríkisstjórnirnar eigi að vera samstíga og þróa sameiginlega stefnu á sviði fíkniefna sem byggist á mannréttindum. Sameiginlegar



aðgerðir og sameiginlegt mat á starfi sem virkar munu skila verulegum árangri fyrir stefnu Norðurlanda í heilbrigðis- og félagsmálum.

### Sjónarmið nefndarinnar

Meirihluti nefndarmanna vill ekki aðhafast frekar varðandi þingmannatillögu A 1896 um fíkniefnastefnu sem byggist á mannréttindum.

Ákvörðunin byggir að miklu leyti á þeim skilningi að tillagan snýst um lögleiðingu á fíkniefnum að hluta.

Allir flokkar eru sammála um að fólki skuli bjóðast aðstoð við að losna frá fíkniefnum og að ávallt skuli leitast við að aðstoða fremur en að refsa. Samtímis vill nefndin leggja áherslu á að allir eigi rétt á að lifa með reisu og að þetta sé gert með ráðgjöf, upplýsingagjöf og skaðaminnkandi aðgerðum.

Nefndin vísar til umræðu um efnið í hverju landi fyrir sig og hvetur til að safnað sé saman þekkingu og reynslu frá Norðurlöndum í heild sinni.

Norræna velferðarnefndin leggur því til að Norðurlandaráð aðhafist *ekki* frekar varðandi þingmannatillögu A 1896 um fíkniefnastefnu á Norðurlöndum sem byggist á mannréttindum.

Malmö, 21. mars 2022

*Aksel V. Johannesen (Jvfl.)*

*Angelika Bengtsson (SD)*

*Anne Rasmussen (V)*

*Ásmundur Friðriksson (Sj.)*

*Birgitte Vind (S)*

*Eva Lindh (S)*

*Guðmundur Ingi Kristinsson (Flf)*

*Per-Arne Håkansson (S)*

*Tone Wilhelmsen Trøen (H)*

*Truls Vasvik (A)*

*Wille Valve (MSÅ)*

### Fyrirvari

Norræn vinstri græn setja fyrirvara við ákvörðunina:

Norræn vinstri græn telja því að Norðurlandaráð skuli ekki aðhafast frekar varðandi þingmannatillögu A 1896 um fíkniefnastefnu á Norðurlöndum sem byggist á mannréttindum.